

Aðalfundur 2010



AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

Hótel KEA Akureyri

Þriðjudaginn 13. apríl 2010

FÉLAGAVEFUR!

Skráðu þig strax í dag á www.ein.is

Aðalfundur félagsins 13. apríl 2010

Dagskrá

1. *Fundarsetning/fundarstjóri.*
 - a) *Minnst látinna félaga.*
2. *Skýrsla stjórnar.*
3. *Reikningar félagsins.*
4. *Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.*
5. *Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.*
6. *Veiting gullmerkis félagsins.*
7. *Ávarp Kristjáns Gunnarssonar formanns SGS*

8. *Kaffihlé.*

9. *Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.*
10. *Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.*
11. *Kosnir 38 fulltrúar á aðalfund Stapa lífeyrissjóð*
12. *Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.*
13. *Önnur mál.*

Eining - lőja

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit	bís.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-lóju 13. apríl 2010	3 - 11
Áritun óháðs endurskoðanda	12
Áritun skoðunarmanna	13
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	14
Yfirlit um efnahag félagsins	15
Rekstrarreikningur félagssjóðs	16
Efnahagsreikningur félagssjóðs	17 - 18
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	19
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	20
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	21
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	22
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	23
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	24
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	25
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	26
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	27
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	28
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	29
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	30
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar	31
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar	32
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-lóju	33
Samandreginn rekstrareikningur	34
Samandreginn efnahagsreikningur	35
Sjóðstreymi	36
Skýringar og sundurliðanir	37 - 41
Fimm ára yfirlit	42

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löju var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og Löju félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2009 voru 7.609.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju.

Laun formanns á árinu námu kr. 6.189.216 og laun stjórnar kr. 2.275.000.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Akureyri, 22. mars 2010.

Stjórn

Björn Steinar
 Guðrún Þórunn Guðmundsdóttir
 Guðrún J. Þorbjarnardóttir
 Kristbjörg Ingaólfsdóttir
 Anna Jónsdóttir
 Auður Hlynna Guðmundsdóttir
 Sigríður K. Bjarkadóttir
 Magnrét Jónsdóttir
 INVAR KRISTJANSSON
 Ingar Örn Sigurbjörnsson
 Hafdis Kristjánsdóttir
 Matti Siguinýjónsdóttir

Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 13. apríl 2010

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði félagsins er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

Félagið í hnotskurn

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	693
Styrkir úr sjúkrasjóði	1.968
Orlofshús og styrkir	1.132
Orlofsferðir og leiksýningar	262
Samtals	4.055 eða 53,29% af félagsmönnum
Árið 2008 voru sambærilegar tölur	3.550 aukning milli ára er því um 14,2%

Lykiltölur	2009	2008
<i>Tekjur</i>		
Félagsgjöld	93.695.965	105.800.415
Sjúkrasjóðsgjöld	71.156.023	73.171.356
Orlofssjóðsgjöld	36.859.718	34.134.170
Fræðslusjóðsgjöld	0	0
Húsaleiga	15.328.166	14.061.046
Aðrar tekjur	17.194.128	8.887.169
Samtals tekjur	234.234.000	236.054.156

<i>Gjöld</i>		
Styrkir til félagsmanna	89.347.405	76.931.815
Rekstur og viðhald fasteigna	50.763.292	49.246.479
Rekstrarkostnaður og afskriftir	121.851.229	126.875.247
Samtals gjöld	261.961.926	253.053.541
Fjármagnsliðir	52.859.772	87.503.813
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	28.269.880	70.504.428

Helstu styrkir úr félagssjóði starfsárið 2009-2010

Mæðrastyrksnefnd	550.000
Geðdeild FSA	150.000
Aflið systursamtök Stigamóta á Norðurlandi	50.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	150.000

Stjórn Einingar-löju starfsárið 2009 - 2010

Björn Snæbjörnsson, formaður

Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður

Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari

Anna Júlíusdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Ingvar Kristjánsson, Kristbjörg Ingólfssdóttir, Margrét Jónsdóttir, Marsibíll Kristjánsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.

Í lok janúar urðu tvær breytingar í stjórn félagsins þegar nýir svæðisfulltrúar komu þar inn, en þeir eru sjálfkjörnir í stjórnina. Guðrún og Elísabet hættu sem svæðisfulltrúar og í þeirra stað komu Guðrún Þorbjarnardóttir og Ingvar Sigurbjörnsson.

Kjarasamningar starfsárið 2009 - 2010

Eftirfarandi samningar voru kynntir á stjórnarfundum síðasta árs:

Þann 25. ágúst var lagður fram samningur milli SGS og SA frá 25. júní 2009 sem gildir til 30 nóvember 2010, með framlengingar ferli í október 2009. Einnig voru lagðir fram samningar sem gerðir hafa verið og samþykktir. Annars vegar samningur SGS og Launanevndar sveitarfélaga frá 7. júlí 2009 sem gildir frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010. Hins vegar samningur ríkisins og SGS frá 3. júlí 2009 sem gildir frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010. Á fundinum var einnig sagt frá samningi sem félagið gerði við Becromal í Krossanesi, en þar er um að ræða vinnustaðasamning til viðbótar aðalkjarasamningu SGS og SA.

Þann 29. september var lagður fram samningur milli Búsetudeildar Akureyrar og Einingar-löju um nýja vinnutilhögun starfsmanna í félagslegri heimajónustu. Einnig var lagður fram samningur milli Meðferðarheimilisins á Laugalandi og félagsins.

Þann 12. nóvember var lögð fram yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um stöðugleikasáttmálann.

Þann 28. janúar var lagður fram samningur milli Einingar-löju og Vatnasklæðningar ehf. vegna starfsmanna sem vinna við að fódra Héðinsfjarðargöngin.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2009

A) Sjúkradagpeningar	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar vegna veikinda og slysa	113	52.662.878
Dagpeningar vegna langveikra barna	5	407.529
Dagpeningar vegna veikinda maka	8	1.756.441
Dagpeningar vegna veikinda og slysa starfsmanna ríkis/sveitarfélaga	30	8.145.707
B) Dánarbætur	26	4.500.000
<i>Bætur samtals</i>	182	67.472.555
Styrkir til félagsmanna		
Sjúkraþjálfun	473	5.712.551
Sjúkranudd	183	3.748.151
Krabbameinsleit	404	1.268.342
Hjarta- og lungnastöðin	29	299.033
Gleraugu	198	2.086.406
Heyrnatæki	19	285.000
Líkamsrækt	463	3.671.651
Aðrir styrkir	17	678.700
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.786	17.749.834
<i>Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2009</i>	1.968	85.222.389

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2009-2010

Sigrún Lárusdóttir, Jakob Tryggvason og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Sólveig Jónasdóttir, Valborg Aðalgeirsdóttir og Hulda Einarsdóttir.

Námskeið

Haldin voru þrjú trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við Fagfélagið, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og er gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á slík námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Námskeið var haldið fyrir dyraveiði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 18 einstaklingar sátu námskeiðið sem tókst mjög vel.

Einnig voru haldin þrjú konfektnámskeið, námskeið í jólaföndri, tvö tölvunámskeið fyrir byrjendur en það síðara byrjaði í gær, skrautskriftarnámskeið og námskeið í heimilisbókhalda í samvinnu við Neytendasamtökin og önnur stéttarfélag. Rúmlega 100 félagsmenn sátu þessi námskeið. Fyrirhugað er að halda á næstunni dyravarðanámskeið og námskeið í skyndihjálpi.

Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt

Á síðustu árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstunda. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt voru stofnaðir. Alls sóttu 693 einstaklingar, 451 konur og 242 karlar, um einstaklingsstyrki úr sjóðunum árið 2009 samtals að upphæð kr. 17.262.691.

Aldursdreifing styrkþega fræðslusjóðanna

65 á aldrinum 17-20 ára, 203 á aldrinum 21-30 ára, 123 eru 31-40 ára, 146 eru 41-50 ára, 116 á aldrinum 51-60 ára og 40 eru á aldrinum 61-70 ára.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	94
Tölvunám/námskeið	21
Aukin ökuréttindi	19
Náms- og kynnisferðir	6
Tungumálanám (enska, spænska o.fl.)	28
Framhaldsnám (einnig fjarnám)	82
Háskólanám (einnig fjarnám)	58
Annað	97
Tómstundanámskeið	102

Hverjir sóttu námskeiðin?

Starfsmenn á almenna markaðinum	374
Sveitafélagsstarfsmenn	293
Ríkisstarfsmenn	26

Tengiliður við Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu. Matthildur Sigurjónsdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið sem félagið heldur.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2009 voru 450 félagsmenn Einingar-löju áatvinnuleysissskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum.

Orlofsmál

Á árinu 2009 voru tæplega átján orlofshús og fjórar íbúðir í eigu félagsins. Einnig á félagið tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík. Félagið tók á leigu fimm og hálf orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og eina íbúð í Kaupmannahöfn til viðbótar yfir sumarið. Einnig úthlutaði félagið 200 orlofsstyrkjum sem við köflum "vika að eigin vali".

Vetrarleiga hefur verið mjög góð og hefur aukist ár frá ári.

Íbúðirnar okkar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförunum árum. Félagið er nú með í notkun sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir.

Nýting orlofshúsa 2009

	sumarvikur	sumarhelgar	vetrarvikur	vetrarhelgar
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn)	74	42	30	280
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	10			
Einarsstaðir (1)	15		1	1
Svignaskarð (1)	15	1	2	26
Tjarnargerði (0,8)	11		3	33
Reykjavík (4,5)	65	3	134	21
Egilsstaðir (1)	13	2	Föst leiga	4

Félagið var með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum:

Einarsstaðir (2)	22
Munaðarnes (2)	21
Klifabotn í Lóni (1)	12
Brekkuskógur (2)	20
Ölfusborgir (1)	11
Úlfjótuvatn (1)	9

Húsnæði sem félagið leigði:

Úthlíð (1)	10
Súðavík (1)	8
Bjarteyjarsandur (1)	9
Kaupmannahöfn (1)	8
Garðshorn (1)	8

"Vika að eigin vali" 200 styrkir, hver að upphæð kr. 13.000.-

Orlofsferðir og leikhús

Félagið stóð fyrir þremur ferðum sumarið 2009:

- * 49 fóru í orlofsferð til Þýskalands og Tékklands.
- * 35 fóru í ferð um Melrakkasléttu, Langanes og Vopnafjörð.
- * 68 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Grímseyjar.
- * Einnig fóru rúmlega 100 eldri félagsmenn í boði félagsins og sáu leikritið "Stundum og stundum ekki" sem sýnt var á Melum í Hörgárdal.

Fundir hjá félaginu

Stjórn Einingar-löju hélt 9 stjórnarfundum á starfsárinu. Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Helstu mál sem tekin hafa verið fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á fyrsta fundi þann 28. apríl var farið yfir hugmyndir um að gera tvær eins kannanir á starfi félagsins, önnur á meðal þeirra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið og hin á meðal annarra félagsmanna.

Á sama fundi var samþykktur samningur við PACTA lögmennt um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Á fundi 22. júní var farið yfir stöðu þá sem upp var komin í samningamálum og einnig var sagt frá aðalfundum Orlofsbyggðanna á Illugastöðum og Einarstöðum.

Á fundi 25. ágúst var sagt frá samningi sem félagið gerði við VMA um leigu á sal félagsins á Siglufirði undir skólastarf Framhaldsskólans við utanverðan Eyjafjörð.

Á fundi 29. september var lagt fram bréf frá FVSA þar sem sagt var upp verksamningi um skráningu iðgjalda fyrir FVSA. Á sama fundi gerði formaður grein frá nýju samkomulagi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem ekki var búið að skrifa undir. Í nýja samkomulaginu verða sömu félög og áður en auk þess koma inn opinberu félögin á svæðinu og einnig landsfélög. Samkomulag er um að Eining-löja leggi til 1,50% stöðugildi og að viðbótin komi inn frá 1. nóvember. Nicole mun sinna starfinu og vera í öðrum störfum hjá félaginu í 50% starfi. Á fundinum voru einnig lagðir fram listar yfir þau fyrirtæki sem eru í milli-innheimtu, kærufæri og lögfræði-innheimtu hjá Intrum og einnig listi yfir þá sem eru í kærufæri hjá lögreglu vegna ógreiddra gjalda til félagsins. Fram kom að heilt yfir væru innheimtumálin í góðu lagi og ekki verri en undanfarin ár. Ásgrímur sagði einnig frá niðurstöðum könnunar sem gerð var á meðal þeirra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Á fundi þann 12. nóvember var farið yfir og rædd þau þing og ársfundir sem haldin voru sl. haust. Á fundinum var einnig tekið fyrir erindi frá Jónu Bertu Jónsdóttur fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar þar sem óskað er eftir stuðningi félagsins fyrir þessi jól. Stjórnin samþykkti styrk að upphæð kr. 550.000 og greiðist hann úr félagssjóði. Ásgrímur kynnti einnig nýjan félagavef sem var í vinnslu og var svo tekinn í notkun í janúar.

Á fundi þann 17. desember voru teknar fyrir alls 411 inntökubeiðnir sem höfðu borist frá því að síðast voru teknar fyrir slíkar beiðnir. Þar af voru 328 frá Akureyri og nágrenni, 29 frá Dalvík, 38 frá Siglufirði, 4 frá Hrísey, 13 frá Ólafsfirði og 3 frá Grýtubakkahreppi. Þær voru allar samþykktar. Ásgrímur gerði einnig grein fyrir niðurstöðum könnunar sem gerð var á meðal félagsmanna, annarra en þeirra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þá var sagt frá niðurstöðum umsagna frá fræðsludegi félagsins. Þar kom fram að menn voru ánægðir með daginn og að tæp 90% telja að það eigi að halda slíkan dag árlega.

Á fundi þann 28. janúar var farið yfir aðalfundi svæðisráða félagsins sem fóru fram í byrjun mánaðarins. Samþykkt var tillaga um að fulltrúar félagsins á aðalfund lífeyrissjóðsins Stapa verði kosnir á aðalfundi félagsins. Á fundinum var einnig skipað í nokkrar nefndir; nefnd til að fara yfir lög félagsins, nefnd sem kemur með tillögu til aðalfundar félagsins um fulltrúa á aðalfund Stapa, nefnd til að endurskoða reglugerð sjúkrasjóðs og nefnd til að koma með tillögur um fólk í stjórnir og ráð sem kosnir verða á aðalfundi félagsins. Einnig var samþykkt tillaga um að undirbúningur komandi kjarasamninga verði með sama sniði og síðast.

Á fundi 22. mars skilað nefndin sem átti að fara yfir lög félagsins af sér breytingartillögum. Á fundinum fór formaður Matvæla- og þjónustudeildar yfir umræðu sem hefur verið mjög áberandi inn í stjórn deildarinnar bæði hvað varðar skiptingu deildarinnar í Matvæladeild annars vegar og Þjónustudeild hins vegar og einnig um skipulagsmál hjá félaginu. Í framhaldi af þessu var samþykkt að skipa sjö manna nefnd sem á að fara ofan í skipulag og starfshætti félagsins. Hún hefur m.a. það hlutverk að auglýsa og kalla til sín þá sem hafa áhuga á málefnum og gera kannanir á meðal félagsmanna með tilliti til breytts skipulags hvort sem er varðandi deildir, svæðisráð, trúnaðarráð, samninganefnd eða uppbyggingu á stjórn félagsins. Nefndin á að skila af sér eigi síðar en 15. desember 2010.

Á sama fundi var tekið fyrir erindi frá Leikfélagi Hörgdæla þar sem sagt er frá sýningunni Lífið liggur við og félaginu boðið að kaupa eina sýningu fyrir eldri félagsmenn.

Í nóvember var haldinn fræðslufundur fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn Einingar-löju. Fundurinn stóð yfir frá kl. 9:30 til 16:30 og var haldinn á Hótel KEA. Á annað hundrað manns sátu fundinn, sem tókst í alla staði mjög vel. Stjórn félagsins hefur ákveðið að halda slíkan fræðslufund árlega.

Trúnaðarráð hélt tvo fundi á starfsárinu. Þar var m.a. fjallað um uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á ársfundi og þing.

Á fyrri fundinum var fjallað um tillögur um lista á ársfundi og þing og skilafrest á þeim. Á fundinum mætti Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og fór yfir stöðuna í kjara- og atvinnumálum. Hann fjallaði einnig um framtíð ASÍ.

Á seinni fundinum var farið yfir skipulag og starfshætti ASÍ og farið yfir tillögu uppstillingarnefndar að lista stjórnar og trúnaðarráðs Einingar-löju fyrir starfsárið 2010-2011 og skilafrest á honum. Fundurinn hófst á Húsavík, en þar var rætt um skipulag og starfshætti ASÍ, en endaði í rútunni á leið til Akureyrar. Þar var lögð fram tillaga uppstillingarnefndar að lista stjórnar og trúnaðarráðs Einingar-löju fyrir starfsárið 2010-2011 og einnig tillaga um skilafrest lista. Báðar þessar tillögur voru samþykktar samhljóða. Góður rómur var gerður af þessum fyrsta rútufundi félagsins og tóku margir til máls undir liðnum önnur mál.

Uppstillingarnefnd kom saman tvisvar og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Samningarnefnd félagsins kom þrisvar sinnum saman til fundar.

Fundir á svæðum utan Akureyrar

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar á árinu og voru kosnir svæðisfulltrúar á Siglufirði, Dalvík og í Hrísey. Nýir fulltrúar voru kosnir á Dalvík og í Hrísey, en svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins. Einnig voru haldnir nokkrir kynningarfundir um kjarasamninga. Þá stóð félagið að, ásamt öðrum félögum, fundaherferð þar sem starfsemi Virk starfsendurhæfingarsjóðs var kynnt.

Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeildanna voru haldnir þann 23. febrúar sl. og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og undanfarin ár. Allir fundirnir byrjuðu á sama tíma á sama stað, en var síðan skipt upp. Er það mál manna að þetta sé gott fyrirkomulag.

Í upphafi sameiginlega fundarins flutti Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, fróðlegt erindi um atvinnumál á svæðinu.

Eftir þetta erindi var fundarmönnum skipt niður eftir deildum í hina ýmsu sali á Hótel KEA.

Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins svo og varaformaður stærstu deildarinnar. Varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Fundir og ársfundir

Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í október sl. í Reykjavík. Eining-löja átti 9 fulltrúa á fundinum. Yfirskrift fundarins var Byggjum réttlátt þjóðfélag þar sem áherslan var á hag heimilanna, efnahags- og kjaramál og atvinnumál og samfélagslega ábyrgð.

31. þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið í byrjun október sl. á Illugastöðum í Fnjóskadal. Eining-löja átti rétt á að senda 78 fulltrúa á þingið. Alls áttu um 140 fulltrúar rétt til setu á þinginu og því átti félagið rúmlega helming allra þingfulltrúa.

Þing SGS var haldið í október sl. á Selfossi. Félagið átti þar 20 fulltrúa.

Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

Aðalfundur Stapa var haldinn 28.maí í Mývatnssveit og átti félagið þar 39 fulltrúa. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdir hjá félaginu

Stigahúsið í Alþýðuhúsinu var tekið í gegn, það málað, lyftan yfirfarin og skipt um gólfefni, hurðir, handrið og fleira. Einnig var lokið við að endurbæta húsnæði félagsins á Siglufirði.

Ennfremur hefur verið farið í almennt viðhald annarsstaðar, sérstaklega í orlofshúsum og íbúðum þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Ný skrifstofa á Siglufirði

Skrifstofa stéttarfélaganna á Siglufirði var opnuð á nýjum stað í lok apríl í fyrra, í Eyrargötu 24 neðri hæð. Vel á þriðja hundrað manns mættu á opnunina og var öllum boðið upp á kaffi og meðlæti. Skrifstofuhúsnæðið hýsir skrifstofu fimm stéttarféлага, þ.e. Einingar-löju, Fagfélagsins, Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Sjómannafélags Eyjafjarðar. Það er að segja félögin sem Siglfirskt launafólk í Vöku sameinaðist um áramótin 2007-2008. Eining-löja á þetta hús og hefur kostað allar framkvæmdir en hin félögin greiða hlut í rekstrarkostnaði miðað við fjölda félagsmanna á Siglufirði.

Þjónusta á skrifstofum félagsins

Álagið á skrifstofum félagsins var mikið eins og oft áður og þá sérstaklega vegna þessa mikla atvinnuleysis og vandamála sem af því leiðir. Einnig er mikið um að verið sé að svara fyrirspurnum félagsmanna varðandi kaup og kjör. Slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólk sem er að skila sér og tel ég að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tiundabekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu og í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Einnig eru nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

Á skrifstofur félagsins var hringt inn síðastliðna 12 mánuði 18.762 símtöl, þ.e.a.s. 1.564 á mánuði eða tæplega 80 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er.

Miðasala í göngin er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð en miðar eru seldir á kr. 580. Stök ferð fyrir venjulegan fólksbil í flokki I kostar kr. 900 og því er sparnaður töluverður er miðar eru keyptir á skrifstofum félagsins. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og til baka um göngin, spara kr. 640.

Tvær kannanir

Hér má sjá helstu niðurstöður úr tveimur þjónustu- og viðhorfskönnunum Einingar-löju sem gerðar voru árið 2009. Markmiðið með þeim var að kanna hvernig félagsmönnum líkar sú þjónusta sem félagið veitir og um leið að fá skýra mynd af þeim óskum sem beint er til félagsins. Spurt var um viðhorf til þjónustu skrifstofa félagsins, um útgáfu þess og um viðhorf til félagsins og hlutverk þess. Einnig var könnuð reynsla félagsmanna af orlofs- og fræðslumálum og fleira.

Gögnum var safnað með spurningalistum sem sendir voru til félagsmanna.

Fremsta talan sýnir niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal almennra félagsmanna. Fremri talan í sviganum sýnir niðurstöður úr könnun sem gerð var árið 2002, en seinni er úr könnun sem gerð var fyrr á árinu hjá þeim sem eru í trúnaðarstörfum.

- * 56% (51%, 88%) þátttakenda eru ánægð með virkni sinnar deildar innan félagsins.
- * 90% (83%, 95%) eru ánægð með störf þeirrar skrifstofu félagsins sem þeir hafa sótt þjónustu til.
- * 83% (73%, 93%) af lesendum félagsblaðs Einingar-löju eru ánægðir með blaðið.
- * 50% (Þriðjungur, 76%) af gestum heimasíðu Einingar-löju eru ánægðir með hana.
- * 78% (Næstum 8 af hverjum 10, 93%) eru jákvæðir í garð Einingar-löju.
- * 3,3% (19%, 72%) þátttakenda telja sig virka félagsmenn í Einingu-löju, en 53,3% (rífliga helmingur, 2,5%) telur sig hins vegar óvirkan félagsmann.
- * 26% (Rúmlega 4 af hverjum 10, 59%) voru sáttir við niðurstöðu síðustu kjarasamninga en 24% (28%, 19,5%) voru ósátt.
- * 52% (51%, 76%) þátttakenda telja að Eining-löja standi sig vel í kjarabaráttu fyrir félagsmenn sína, en 26% (tæp 20%, 12%) álíta hins vegar að félagið standi sig illa.
- * 91% (Rúmlega 90%, 89%) vilja ekki vera í öðru stéttarfélagi en Einingu-löju.
- * 24% hafa sótt um styrk til Landsmenntar, Ríkismenntar eða Sveitamenntar. (Stærstur hluti þátttakenda, tæplega 90%, hefur aldrei sótt um styrk til Landsmenntar, 57% höfðu sótt um styrki)
- * 71% sumar og 33% vetur (58%, 83%) hafa nýtt sér orlofshús félagsins og 78% (93%; 99%) orlofshúsagesta, eru ánægðir með húsin.
- * 57% (Rífliga 40%, 77%) hafa fengið greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins.
- * 53% (90%) sóttu þjónustu til einhverrar skrifstofu félagsins á síðasta ári.
- * 66% (88%) telja félagið standa sig vel í að upplýsa um réttindi á vinnumarkaði.
- * 90% (89%) eru sátt við störf stjórnar Einingar-löju.
- * 69% (75%) eru ánægð með að boðið sé upp á orlofsferðir og 50% (58%) eru ánægð með úrvalið.
- * 81% vilja sama fyrirkomulag og verið hefur til þessa á ferðunum.
- * 74% eru ánægð með "Viku að eigin vali."
- * 65% (69%) vilja ekki stuðla að meiri sameiningu stéttarféлага á Eyjafjarðarsvæðinu.
- * 87% (85%) vilja ekki stuðla að sameiningu félaga á stærra svæði en á Eyjafjarðarsvæðinu.

Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Félagatal

Ár	Aðalfélagar	Félagatal svæðisráða
2009	8.095	1.511
2008	7.801	1.489
2007	7.002	1.529
2006	6.669	1.281

<i>Félagatal starfsgreinadeildir</i>	2009	2008	2007	2006
Opinbera deildin	2.612	2.301	2.029	1.694
Matvæla- og þjónustudeild	3.482	3.480	2.489	2.263
Iðnaðar- og tækjadeild	2.001	2.020	1.451	1.153

Félagsmönnum hefur fjölgað á milli ára vegna nýrra aðferða við að fá fólk til að ganga í félagið. Bréf er nú sent út til allra sem eru að greiða til félagsins og þeim boðið að ganga í félagið og ef þeir neita ekki þá er litið svo á að þeirri óski eftir inngöngu. Þannig gengu 869 einstaklingar inn í félagið á árinu 2009. Þeir sem greiða ekki félagsgjöld í tvö ár eru strikaðir út eftir að þeim hefur verið sent bréf.

Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út, eins og venjulega, þrjú blöð á árinu; orlofsblað, sumarblað og desemberblað. Sumarblaðið og desemberblaðið hafa verið borin út í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 10.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir. Ásgrímur Örn Hallgrímsson hefur umsjón með útgáfu á blöðunum.

Heimasíðan var vel virk á árinu og sá Ásgrímur um hana og er gaman að sjá að vaxandi heimsóknartíðni er inn á síðuna. Nú hefur félagið tekið í notkun Félagavef þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu á einfaldan hátt. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar, www.ein.is, smella þar á hnappinn Félagavefur. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan veflykil á lögheimili sitt. Ég hvet alla þá sem ekki eru búnir að sækja um aðgang að gera það.

Eins og ég sagði áðan er heimasíðan vel virk og reynum við nú að birta allar nýjustu fréttir frá félaginu á henni. Þeir sem áhuga hafa á að fá sendan tölvupóst þegar síðan er uppfærð eða frétt sett inn á hana geta skráð sig á einfaldan hátt á póstlista félagsins. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á www.ein.is og smella á hlekk sem er til vinstri á heimasíðunni merktur **Skráning á póstlista**.

Starfsmenn

Engin breyting varð á starfsmannahaldi á síðasta ári og eru starfsmenn félagsins eftirfarandi.

Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Elsa Sigmundsdóttir, Freydís Antonsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Nicole Kristjánsson, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsmanna og stjórnar Einingar - lóju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - lóju fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur, hússjóð Siglufjarðar og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og skýringar ásamt 5 ára yfirliti.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 12. apríl 2010

PricewaterhouseCoopers hf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi.

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Einingar-löju reikningsárið 2009.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri 26. mars 2010

Þánu Vofusdóttir
Ómgjafurmann

Yfirlit yfir rekstrarafkomu 2009

	2009	2008
Afkoma fyrir fjármagnstekjur og gjöld		
Félagssjóður	4.446.372	(1.543.207)
Sjúkrasjóður	(19.988.522)	(6.409.432)
Orlofssjóður	(7.600.677)	(13.585.865)
Vinnudeilussjóður	(3.147.500)	4.819.284
Fræðslusjóður	(118.688)	(564.160)
Byggingarsjóður	799.527	1.389.897
Hússjóður Dalvíkur	(1.250.078)	(231.555)
Hússjóður Siglufjarðar	(880.562)	(896.313)
	<u>(27.740.128)</u>	<u>(17.021.351)</u>

Afkoma ársins

Félagssjóður	26.167.897	27.749.594
Sjúkrasjóður	(6.254.485)	13.712.899
Orlofssjóður	(20.604.088)	(28.160.056)
Vinnudeilussjóður	30.120.288	61.121.744
Fræðslusjóður	1.167.118	2.158.591
Byggingarsjóður	0	0
Hússjóður Dalvíkur	(2.428.543)	(1.715.620)
Hússjóður Siglufjarðar	101.693	(4.362.724)
	<u>28.269.880</u>	<u>70.504.428</u>

Yfirlit um efnahag 31. desember 2009

	2009	2008
Eignir		
Félagssjóður	301.353.996	229.806.493
Sjúkrasjóður	111.396.308	117.650.793
Orlofssjóður	160.354.973	131.981.931
Vinnudeilusjóður	402.914.551	335.475.191
Fræðslusjóður	16.635.853	15.468.735
Byggingarsjóður	57.497.328	57.025.750
Hússjóður Dalvíkur	5.173.818	5.388.111
Hússjóður Siglufjarðar	48.099.002	33.367.251
Kröfur/skuldir milli sjóða	<u>(404.439.497)</u>	<u>(302.487.417)</u>
	<u>698.986.332</u>	<u>623.676.838</u>
 Skuldir		
Félagssjóður	190.820.664	145.441.058
Orlofssjóður	152.354.031	112.528.479
Byggingarsjóður	5.556.932	5.085.354
Hússjóður Dalvíkur	12.440.172	10.225.922
Hússjóður Siglufjarðar	52.360.033	37.729.975
Kröfur/skuldir milli sjóða	<u>(404.439.497)</u>	<u>(302.487.417)</u>
	<u>9.092.335</u>	<u>8.523.371</u>
 Eigið fé		
Félagssjóður	110.533.332	84.365.435
Sjúkrasjóður	111.396.308	117.650.793
Orlofssjóður	8.000.942	19.453.452
Vinnudeilusjóður	402.914.551	372.794.263
Fræðslusjóður	16.635.853	15.468.735
Byggingarsjóður	51.940.396	51.940.396
Hússjóður Dalvíkur	(7.266.354)	(4.837.811)
Hússjóður Siglufjarðar	<u>(4.261.031)</u>	<u>(4.362.724)</u>
	<u>689.893.997</u>	<u>652.472.539</u>
 Eigið fé og skuldir samtals	<u>698.986.332</u>	<u>660.995.910</u>

Félagssjóður**Rekstrarreikningur ársins 2009**

	Skýringar	2009	2008
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld / iðgjöld		93.695.965	105.800.415
Hluti vinnudeilusjóðs		0	(11.755.602)
Framlag í fræðslusjóð		(2.344.831)	(2.645.010)
Auglýsingatekjur		3.179.360	3.565.050
		<u>94.530.494</u>	<u>94.964.853</u>
Rekstrargjöld			
Skattgreiðslur til SSÍ og ASÍ		13.351.281	12.454.144
Skrifstofa Einingar-lóju		47.689.914	46.494.338
Kostnaður vegna svæðisráða og starfsgreinadeilda	2	3.645.678	3.673.100
Annar kostnaður	4	24.079.035	32.744.443
Afskriftir	6	1.318.214	1.142.035
		<u>90.084.122</u>	<u>96.508.060</u>
Tekjuafgangur (gjöld umfram tekjur) af rekstri		4.446.372	(1.543.207)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		37.752.430	51.963.134
Vaxtagjöld og verðbætur		(16.030.905)	(22.670.333)
		<u>21.721.525</u>	<u>29.292.801</u>
Tekjuafgangur ársins		<u><u>26.167.897</u></u>	<u><u>27.749.594</u></u>

Félagssjóður**Efnahagsreikningur 31. desember 2009**

Eignir	Skýringar	2009	2008
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Innréttingar og búnaður		4.157.574	3.962.792
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf	5	127.845	127.845
Fastafjármunir samtals		4.285.419	4.090.637
Millireikningar sjóða			
Orlofssjóður		152.354.031	112.528.479
Hússjóður Siglufjarðar		52.360.033	37.729.975
Hússjóður Dalvíkur		12.440.172	10.225.922
Byggingarsjóður		5.556.932	5.085.354
		<u>222.711.168</u>	<u>165.569.730</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		5.167.438	6.059.552
Handbært fé		69.189.971	54.086.574
		<u>74.357.409</u>	<u>60.146.126</u>
Eignir samtals		<u><u>301.353.996</u></u>	<u><u>229.806.493</u></u>

Félagssjóður**Efnahagsreikningur 31. desember 2009**

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2009	2008
Eigið fé			
Hrein eign	7	110.533.332	84.365.435
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		9.092.335	8.523.371
Millireikningar sjóða			
Sjúkrasjóður		99.576.586	95.571.965
Vinnudeillusjóður		76.789.507	37.319.072
Fræðslusjóður		5.362.236	4.026.650
		<u>181.728.329</u>	<u>136.917.687</u>
Skuldir samtals		190.820.664	145.441.058
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>301.353.996</u></u>	<u><u>229.806.493</u></u>

Sjúkrasjóður**Rekstrarreikningur ársins 2009**

	Skýringar	2009	2008
Rekstrartekjur			
Iöggjöld		71.156.023	73.171.356
Rekstrargjöld			
Dagpeningar		63.102.840	54.603.915
Útfararstyrkir		4.500.000	3.637.000
Sjúkraþjálfun/nudd		9.759.735	8.389.678
Líkamsrækt		3.671.651	2.906.314
Aðrir styrkir		3.050.106	3.676.241
Skrifstofukostnaður		3.557.801	3.658.568
Endurskoðun, reikningsskil og sérfræðiaðstoð		488.110	704.710
Krabbameinsskoðun		1.268.342	727.962
Innheimtukostnaður		1.688.940	1.218.800
Læknisvottorð		57.020	57.600
		<u>91.144.545</u>	<u>79.580.788</u>
Gjöld umfram tekjur af rekstri		(19.988.522)	(6.409.432)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		13.734.037	20.122.331
Tekjuafgangur (gjöld umfram tekjur) ársins		<u>(6.254.485)</u>	<u>13.712.899</u>

Sjúkrasjóður**Efnahagsreikningur 31. desember 2009**

Eignir	Skýringar	2009	2008
Veltufjármunir			
Handbært fé		11.819.722	22.078.828
Félagssjóður		99.576.586	95.571.965
